



Upplýsinga-og tæknimennt

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Almennt um kennsluna

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal unnið með upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið og samþætt við sem flestar námsgreinar og námssvið. Því eru hæfniviðmið í upplýsingatækni að einhverju leiti metin undir öðrum námsgreinum, sérstaklega íslensku og stærðfræði. Að auki er hluti kennslustunda vikulega nýttur á bókasafni og ein kennslustund á viku þar sem að unnið er sérstaklega með spjaldtölvur m.a í forritun og myndvinnslugerð.

Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlaga námið við þarfir hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.

Við mat á námi nemenda er horft til áherslu á styrkleika og stuðning við framfarir. Einnig er símat allt skólaárið, fystu skref leiðsagnarmats og endurgjafir á ólíkum sviðum. Nemendur fá umsögn á vitnisburðarblaði tvisvar sinnum á skólaári.